



UMHVERFIS- OG  
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík  
sími: 545 8600 postur@uar.is  
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 22. júní 2021  
Tilv.: UMH20010574/8.5.4

Efni: Drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs 2021–2032 - Niðurstöður samráðs.

Drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs 2021–2032 voru birt í samráðsgátt stjórnvalda 12. janúar 2021 og veittur sex vikna frestur til umsagna, eða til 23. febrúar 2021, sbr. 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Umsagnir bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hafnarfjarðarkaupstað, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis, Landvernd, Pure North Recycling ehf., Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Skútustaðahreppi, Sorpstöð Suðurlands bs., SORPU bs., Sveitarfélaginu Hornafirði, Umhverfisstofnun og Öryrkjabandalagi Íslands, auk sameiginlegrar umsagnar Samtaka atvinnulífsins, Samtaka ferðapjónustunnar, Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtaka iðnaðarins og Samtaka verslunar og þjónustu. Jafnframt barst umsögn frá einstaklingi. Alls bárust því 17 umsagnir. Umsagnir eru almennt jákvæðar og bera þess glögg merki að mikilvægt er að móta nýja stefnu í málaflokknum, sem er í mikilli þróun. Í umsögnum felast um leið margar gagnlegar ábendingar um það sem betur má fara í stefnunni, s.s. varðandi meginmarkmið, endurbætur á texta og útfærslur á aðgerðum í stefnunni.

Ráðuneytið vann úr innkomnum umsögnum og hefur ráðherra nú gefið út stefnu um meðhöndlun úrgangs 2021–2032. Gerðar voru margvíslegar breytingar á stefnunni frá auglýstum drögum. Eins og tíundað er í stefnunni er það talsverður hluti hennar sem fyrirhugað var að koma til framkvæmdar með lagafrumvarpi sem ráðherra mælti fyrir á Alþingi í apríl 2021 (708. mál). Sumar athugasemda snúa að atriðum sem koma fram í frumvarpinu og höfðu því í mörgum tilfellum áður komið fram sem athugasemdir við drög ráðuneytisins að frumvarpinu. Eðli málsins samkvæmt fjallaði ráðuneytið um þessar athugasemdir áður en frumvarpið var lagt fram á Alþingi. Frumvarpið hefur nú verið samþykkt á Alþingi. Meðal þeirra breytinga sem gerðar voru á stefnunni í umsagnarferlinu má helst nefna eftirfarandi breytingar.

- a. Nýju meginmarkmiði var bætt við stefnuna og eru meginmarkmiðin nú þrjú, í stað tveggja í auglýstum drögum (kafla 3.1). Nýja markmiðið snýr að þeirri frumskyldu í málaflokknum að allur úrgangur sem fellur til fái viðeigandi meðhöndlun svo hann skapi ekki hættu fyrir heilbrigði manna og dýra eða valdi skaða á umhverfinu. Um leið voru skilgreindir tveir mælikvarðar fyrir markmiðið. Annar þeirra snýr að ástandi innviða í landinu til meðhöndlunar úrgangs og hinn snýr að útgáfu svæðisáætlana sveitarfélaga, sem eru mikilvægt stjórnæki sveitarfélaganna í úrgangsmálum.
- b. Bætt var við umfjöllun í kafla 3.2 í stefnunni um hlutverk atvinnulífsins við meðhöndlun úrgangs og framkvæmd framlengdrar framleiðendaábyrgðar. Jafnframt var umfjöllun um

stöðu innviða til meðhöndlunar úrgangs uppfærð með hliðsjón af nýrri skýrslu Samtaka iðnaðarins um innviði á Íslandi, sem gefin var út í febrúar sl.

- c. Tölulegar upplýsingar um úrgang sem stefnan byggir á, einkum mat á stöðu úrgangsmála í kafla 3.3, voru uppfærðar með nýjustu aðgengilegu tölum. Það eru í flestum tilfellum tölur fyrir árið 2019. Breytingar á magni og ráðstöfun úrgangs reyndust það smávægilegar á milli árana 2018 og 2019 að þessi uppfærsla breytti ekki niðurstöðu matsins í kafla 3.3.
- d. Á milli þess sem drög að stefnunni voru auglýst og stefnan var gefin út lagði ráðherra fram á Alþingi áður nefnt lagafrumvarp, sem fjallað er um í köflum 3.4.1–3.4.5 í stefnunni. Þessir kaflar voru uppfærðir frá auglýstum drögum til samræmis við frumvarpið eins og það var lagt fram. Meðal annars var kafla 3.4.3 um innheimtu raunkostnaðar fyrir meðhöndlun úrgangs breytt með þeim hætti að sveitarfélögum verði áfram heimilt að ákveða tiltekinn hluta gjalds fyrir meðhöndlun úrgangs sem fast gjald á fasteignareiningu, í stað þess að afnema með öllu núverandi heimild til fastrar álagningar. Jafnframt var lagt til að sveitarfélögum yrði gert heimilt að færa raunkostnað við meðhöndlun mismunandi úrgangsflokka á milli flokka, í því skyni að stuðla að hringrásarhagkerfi.
- e. Í kafla 3.4 í stefnunni var umfjöllun um framtíðarskipan brennslumála í landinu færð fram og er hana nú að finna í kafla 3.4.6 (var kafla 3.4.8). Númerum þeirra kafla sem á eftir koma var breytt til samræmis. Samhliða þessu var sett upp ný aðgerð sem felst í stuðningi ríkisins við uppbyggingu innviða til brennslu úrgangs. Þessi aðgerð er númer 24 og er áætlað að hún komi til framkvæmdar á yfirstandandi ári.
- f. Enn fremur var tveimur nýjum aðgerðum bætt við stefnuna (kafla 3.4.8 í stefnunni). Annars vegar er um að ræða aðgerð sem felst í að kanna möguleika til að efla enn frekar endurvinnslu úrgangs innanlands og er gert ráð fyrir að framkvæmd aðgerðarinnar hefjist á yfirstandandi ári (aðgerð 14). Í umsögnum er m.a. bent á mikilvægi innlendrar endurvinnslu. Hins vegar er um að ræða aðgerð sem ætlað er að tryggja að gæði vöru sem framleidd er úr úrgangi með endurvinnslu eða annarri endurnýtingu séu ávallt fullnægjandi (aðgerð 25) en bent er á nauðsyn þessa í umsögnum. Númerum annarra aðgerða var breytt til samræmis.
- g. Úrgangsforvarnir, nýsköpun og þróun voru felld inn í lýsingu á þeim hluta aðgerðar 13 sem snýr að beinum styrkjum. Ráðuneytið auglýsti eftir umsóknum um umrædda styrki í mars sl., vegna úthlutunar þessa árs. Úthlutun er áformuð í júní. Auk þessa var víkkaður út sá hluti þessarar aðgerðar sem snýr að athugun starfshóps um skattaívilnanir og álagningu umhverfisskatta á möguleikum til fljóttari fyrningu véla, tækja og annars búnaðar. Jafnframt voru gerðar smávægilegar uppfærslur á öðrum aðgerðum, m.a. með tilliti til þess hvernig sumar aðgerðanna hafa mótast við nánari útfærslu þeirra á síðustu vikum í samvinnu við viðkomandi samstarfsaðila. Enn fremur var framkvæmd aðgerða sem snúa að urðunarskatti (aðgerð 15) og banni við urðun lífbrjótanlegs úrgangs (aðgerð 16) seinkað um eitt ár, auk þess sem framkvæmd aðgerðar 26 (sem var aðgerð númer 23 í auglýstum drögum) var seinkað. Talið er raunhæfara að aðgerðin komi til framkvæmdar á næsta ári.

Í kjölfar samráðsins sem lýst er hér að framan hefur ráðherra gefið út stefnu um meðhöndlun úrgangs 2021–2032, undir yfirskriftinni *Í átt að hringrásarhagkerfi* .